

Víkurskóli

Samantekt um innra mat 2025-2026

Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat skólans 3
- Kafli 2 Langtímaáætlun 4
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið 7
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat 9
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf 10
- Kafli 4.2 Gæði kennslu 11
- Kafli 4.3 Námsárangur nemenda 12
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda 14
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks 15
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra 16
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans 17
- Kafli 5 Umbótaáætlun 19

Samantekt

Víkurskóli, 02.10.2026

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir innra mati Víkurskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram og áætlun fyrir skólaárið. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar, Skólapúlsi, Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar, Foreldrakönnun Reykajvíkurborgar og líðankönnun sem Víkurskóli leggur fyrir tvisvar á ári. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteymi Víkurskóla eru Þuríður Óttarsdóttir, Vala Nönn Gautsdóttir, Fiona Elizabet Oliver, Renate Brunovska, Guðrún Lára Baldursdóttir, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Svava Margrét Ingvarsdóttir og Kristín Halla Þórisdóttir og teymið fundar eftir þörfum en þó ekki sjaldnar er sex sinnum á ári.

Víkurskóli notar vefkerfið BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir.

Gæðaviðmið um skólastarf

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennskuteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram tvisvar sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfimipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil (þegar hann verður tilbúin).

Stuðst er við aðferðir leiðsagnarnáms þar sem sett eru árangursviðmið við hvert hæfniviðmið sem er metið og fært inn í hæfnikort í Mentor. Fundir eru með nemendum og foreldrum þar sem nemendur kynna hæfnikort sitt fyrir foreldrum að vori í 8. og 9. bekk og gefið er lokamat í 10. bekk.

Í stærðfræði í hugsandi kennslurými eru lagðar fyrir kunnáttukannanir í hverri viku sem nýtta eru til að meta stöðu nemenda og til þess að gefa þeim tækifæri á að bæta sig.

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur í öllum bekkjum fimm sinnum á skólaári. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli ef niðurstöður eru í samræmi við Líðankönnun sem Vikurskóli hefur lagt fyrir nemendur tvisvar á ári síðastliðin 5 ár. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með fagmennskuteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Félagsfærni

Í Víkurskóla er nám byggt á samþættingu og samstarfi í svokölluðum Uglum sem eru samþættingarverkefni þar sem lögð er áhersla virka þátttöku nemenda, unnið er með réttlætiskennd og leiðtogahæfni er efld. Nemendur taka þátt í skipulagi í félagsmiðstöðinni og nemendur eru í viðburðastjórn sem skipuleggur ýmsa viðburði á skólatíma. Ár hvert er haldið skólaþing þar sem nemendur fá tækifæri á að ræða ýmis málefni sem snertir þá.

Sjálfsefling - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Í Víkurskóla er stuðst við aðferðir leiðsagnarnáms þar sem nemandinn er hvattur áfram til að nýta styrkleika síns og þeir studdir áfram í að vinna þar sem skóinn kreppir. Nemendur gera bæði jafningjamat og sjálfsmat og vaxandi hugarfar er allsráðandi í öllu námumhverfi.

Læsi

Í samþættingarverkefnum er lögð gríðarleg áhersla á margskonar læsi á ólíka miðla og á umhverfið. Menningalæsi ef mikið eflt í skólanum og lögð áhersla á listuppeldi með heimsóknum og beinni þátttöku í listviðburðum. Lögð eru fyrir lesfimipróf þrisvar á ári og þeim fylgt eftir með lestrarátökum til að efla lesskilning og lesfimi. Læsi á umhverfi er þjálfuð í öllum greinum og leitast við að efla málumhverfi unglinganna í öll umhverfi. Þjálfun í þekkingaröflun og heimildavinnu er stór partur af náminu í uglum.

Sköpun - Skapandi hugur og hönd

Víkurskóli er nýsköpunarskóli þar sem við styðjum við hönnunarferli í flestum greinum. Lögð er áhersla á skapandi skil í öllum greinum og að nemendur geti hannað og skapað sína eigin uppfinningu á ólíkum sviðum. Lögð er áhersla á að nemendur í þjálfist í því að njóta listburða og heimsækja listviðburði, m.a. með þátttöku í samstarfverkefnum við Listasafn Reykjavíkur þar nemendur eru sýningarstjórara og setja upp verk og hann sína eigin sýningu.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Samvikni í stefnumótun			X		
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X				
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga					
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		X			
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting		X			
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks			X		

Nám og kennsla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms					
2.3 Gæði kennslu					
2.4 Skipulag náms	X				
2.5 Námsvitund		X			
2.6 Ábyrgð og þátttaka					

Innra mat	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Skipulag					
3.2 Framkvæmd					
3.3 Umbætur					

Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Matsferill	X	X	X	X	X
Lesfimi	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólapúlsinn - Nemendakönnun	X	X	X	X	X
Skólapúlsinn - Foreldrakönnun	X		X		X
Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Líðankönnun innan skólans	X	X	X	X	X
Viðhorfskönnun um nýtt umsjónarkennarakerfi - foreldrar		X			

Menntastefna og stefna skólans	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Heilbrigði	X		X		X
Félagsfærni		X		X	
Sköpun	X		X		X
Læsi	X		X		X
Sjálfsefling	X		X		X

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	Kafli - þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvenær metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	2.4 Skipulag náms	Fylgst er með framförum og líðan, og námsumhverfi er hvetjandi og fjölbreytt.			Skólastjórnendur	Nemendur sýna sjálfstæði og virka þátttöku í námi, og allar vísbendingar í viðkomandi gæðaviðmiðum eru metnar góðar, mjög góðar eða framúrskarandi.
Stjórnun og fagleg forysta	1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Skólinn byggir upp jákvætt og virkt samstarf við foreldra og grenndarsamfélag sem styður nám og líðan nemenda.			Skólastjórnendur	Samstarf er virkt og styður farsæld nemenda. Allar vísbendingar í viðkomandi gæðaviðmiðum eru metnar góðar, mjög góðar eða framúrskarandi.
Gæði kennslu	2.3 Gæði kennslu	Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	Matsfundir með kennarateymum. Mat fagmennskuteymis.	Vorönn 2026	Skólastjórnendur	Að allir þættir séu metnir alla vega góðir. Þættir sem fá matið ábótavant fari í umbótaáætlun.
Viðhorf og líðan nemenda	Skólapúlsinn - Nemendakönnun	Að tryggja góða líðan, öryggi og jákvæð viðhorf nemenda til skólastarfs.		Allt skólaárið		...
Viðhorf og líðan starfsfólks	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun, Viðhorfskönnun meðal starfsmanna					
Viðhorf foreldra	Að efla traust og ánægju foreldra með skólastarfið.			Vorið 2026		Foreldrar upplifa gott upplýsingaflæði, aðgengi að starfsfólki og traust til skólastarfs.
Menntastefna og stefna skólans	Heilbrigði, Sköpun, Sjálfsefling og Læsi	Að fylgja eftir innleiðingu á menntastefnu Reykjavikur.	Matsfundir með kennarateymum. Mat fagennskuteymis.	Vorönn 2026		Að x meirihlutil viðmiða menntastefnu Reykjavikur fái matið innleitt að hluta eða að fullu.

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats Víkurskóla á skólastarfinu. Matið byggir á fjölbreyttum gögnum sem safnað var yfir skólaárið, m.a. með matsfundum kennara og stjórnenda, viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og starfsfólks, sem og mælingum á námsárangri.

Lagt var mat á gæðaviðmið um skólastarf, gæði kennslu, námsárangur nemenda og viðhorf og líðan helstu hagsmunaaðila. Markmið matsins er að draga fram styrkleika í starfi skólans og greina tækifæri til umbóta til að styðja áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Kaflar sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í gæðaviðmiðum grunnskóla voru metnir í Víkurskóla 2025-2026.

2.4 Nám og kennsla - Skipulag náms

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.

Niðurstöður innra matsins í Víkurskóla
Gert er grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta í niðustöðum hér fyrir neðan.

Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirfarandi vísbendingar voru metnar sem styrkleiki skólans

2.4 Skipulag náms

- 3. Teymiskennsla er markvisst nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- 4. Samþætt og heildstæð verkefni eru reglulegur þáttur í námi nemenda.
- 5. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.
- 6. Fjölbreytileiki er virtur og mismunandi hæfileikum nemenda og einkennum haldið á lofti.
- 7. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.
- 8. Stuðlað er að fjölbreytni í list- og verkgreinum og vægið er jafnt þeirra á milli samkvæmt aðalnámskrá.
- 9. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
- 10. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- 11. Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.
- 12. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfsstæðs náms eða samvinnu í námi.
- 13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.
- 14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.
- 15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýninn og ábyrgan hátt.
- 16. Verk nemenda eru sýnileg og eru hluti af menningu grunnskólans.


Tækifæri til umbóta

Ekki voru metin nein tækifæri til umbóta í kafla 2.4 Skipulag náms.

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Aðferðir sem voru nýttar

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður mats á gæðum kennslu og skipulagi náms. Matið byggir matsfundum með kennurum og mati fagmennskuteymis. Markmið matsins er að meta hversu vel kennsla, námsumhverfi og skipulag náms styðja við nám, framfarir og vellíðan nemenda og að greina styrkleika og tækifæri til áframhaldandi þróunar.



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður matsins benda til þess að gæði kennslu og skipulag náms séu almennt góð. Kennarar vinna markvisst að því að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við markmið skólans, fjölbreyttir kennsluhættir eru nýttir og námsmat er að jafnaði tengt markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Einnig kemur fram að nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt með leiðsagnarmati og að markvisst sé unnið að því að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda, þar á meðal fjöltyngdra nemenda. Samstarf kennara, teymisvinna og fjölbreytt nýting námsumhverfis og grenndarsamfélags styrkja enn frekar gæði skólastarfsins.

Tækifæri til umbóta

Helstu tækifæri til umbóta felast í að efla enn frekar sýnileika gilda skólans í kennslu og daglegu starfi, auka vettvangsathuganir til að fá skýrari mynd af kennsluháttum og styrkja samræmda eftirfylgni með gæðum kennslu. Þá má vinna markvissar að því að nýta námstíma nemenda betur, þróa áfram einstaklingsmiðað skipulag náms út frá stöðu nemenda og efla tækifæri bráðgerra nemenda til náms við hæfi. Einnig eru tækifæri til að auka samstarf við grenndarsamfélagið og fá fleiri aðila úr samfélaginu inn í skólastarfið til að auðga nám og tengja það betur við raunverulegar aðstæður.

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Matstæki sem voru nýtt

Lesfimipróf


Matsferill

Niðurstöður

Styrkleikar


Lesfimi

Námsárangur í lesfimi í 9. og 10. bekk er að mörgu leyti góður í samanburði við landsmeðaltal. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá stöðu 9. bekkjar, þar sem hlutfall nemenda í lægsta árangursflokki er lægra en á landsvísu.



Matsferilspróf í lesskilningi

Niðurstöður matsferilsprófa í lesskilningi eru almennt sambærilegar við landsmeðaltal, en áfram verður lögð áhersla á að efla lesskilning og viðhalda góðum árangri. Kennarar vinna markvisst með lesskilning í námi og fylgst verður með framförum nemenda, sérstaklega þeirra sem þurfa aukinn stuðnig.




Matsferilspróf í stærðfræði

- Árangur 10. bekkjar er nokkuð sambærilegur við landsmeðaltal.
- Í 8. bekk er stærra hlutfall nemenda í miðjuflokknum en á landsvísu.
- Unnið er markvisst að stærðfræðikennslu og grunnfærni nemenda.

Tækifæri til umbóta

Lesfimi



Niðurstöður 8. bekkjar eru undir landsmeðaltali. Til að koma til móts við nemendur verður farið í markvisst lestrarátak í samstarfi við heimilin, undir stjórn deildarstjóra stoðþjónustu og umsjónarkennara. Bókasafn skólans verður nýtt til að hvetja til reglulegs lesturs og fylgst verður með framförum. Áhersla verður lögð á að viðhalda þeim árangri sem næst.

viðhalda

Matsferilspróf í lesskilningi
Kennarar vinna markvisst með lesskilning í námi og fylgst verður með framförum nemenda, sérstaklega þeirra sem þurfa aukinn stuðning.
Matsferilspróf í stærðfræði

- Sérstök áhersla á að styrkja grunnfærni í stærðfræði, einkum hjá nemendum sem eru í lægri hæfniþrepum.
- Markvissari stuðningur og eftirfylgd með nemendum í 9. bekk, þar sem hlutfall þeirra í lægsta flokki er hærra en á landsvísu.
- Fylgjast reglulega með framförum og viðhalda þeim árangri sem næst.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Þættir sem voru metnir

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda.

Niðurstöður

Styrkleikar



Nemendur:

- vita hvað þeir eiga að læra af verkefnum sem þeir eru að fást við
- fá að velja hvernig þeir skila verkefnum
- telja sig hafa góðan aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni,
- fá tækifæri að vinna verkefni sem eru hluti af náminu

Tækifæri til umbóta

Í niðurstöðum Skólapúlsins kom fram að nemendur eru undir viðmiðum í áhuga á stærðfræði og náttúrufræði, þeir telja að þeir séu ekki í nógu góðu sambandi við kennara og undir í vellíðan.

Brugðist hefur verið við þessu með því að bæta inn stuðningi í stærðfræði, fjölga tímum í náttúrufræði og umbylta umsjónarkerfinu þannig að allir kennarar skólans eru umsjónarkennarar, nemendur í umsjón eru þvert á árganga og einungis 12-14 nemenur í hverjum umsjónarhópi. Með þessu ætlum við að styrkja samskipti nemenda og kennara og auka utanumhald og eftirfylgni.

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Þættir sem voru metnir

Reykjavíkurborg - Viðhorfskönnun starfsmanna

Í þessum kafla eru kynntar niðurstöður starfsmannakönnunar sem veitir mikilvægar upplýsingar um upplifun starfsfólks af vinnuumhverfi, stjórnun, starfsanda og öðrum lykilþáttum sem hafa áhrif á líðan og árangur í starfi. Niðurstöðurnar eru bornar saman við fyrri mælingar og við niðurstöður annarra grunnskóla í Reykjavík. Markmið greiningarinnar er að draga fram styrkleika í starfsumhverfinu og greina tækifæri til áframhaldandi þróunar og umbóta.

Niðurstöður könnunarinnar í Víkurskóla



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður starfsmannakönnunar benda til þess að margir mikilvægir þættir í starfsumhverfi skólans standi traustum fótum. Sérstaklega má nefna stjórnun, starfsanda, sjálfstæði í starfi, jafnrétti og ánægju starfsfólks með vinnustaðinn. Jafnframt gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að starfsfólk upplifi traust, faglegt samstarf og tækifæri til að hafa áhrif á eigið starf. Slíkir þættir skapa mikilvægan grunn að öflugu skólastarfi og styðja við vellíðan starfsfólks og faglega þróun.

Tækifæri til umbóta


Niðurstöðurnar gefa jafnframt tilefni til að halda áfram að þróa starfsumhverfið með áherslu á þá þætti sem mælast lakar eða hafa sýnt minni framfarir en aðrir. Þar má meðal annars skoða vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi og aðra þætti sem tengjast starfsánægju og starfsumhverfi, eftir því sem niðurstöður einstakra mælikvarða gefa tilefni til. Mikilvægt er að halda áfram að hlusta á sjónarmið starfsfólks og nýta niðurstöður könnunarinnar til að styrkja enn frekar jákvæða vinnustaðamenningu og vellíðan í starfi.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Þættir sem voru metnir

Annað hvert ár leggur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir kannanir til foreldra barna sem sækja grunnskóla borgarinnar um skólann og þátttöku í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Tilgangur kannananna er að gefa foreldrum tækifæri til að koma upplifun ykkar og skoðunum á starfinu á framfæri en jafnframt að veita okkur mikilvæga innsýn í mat ykkar á starfinu, hvað er verið að gera vel og hvar er hægt að gera betur. Könnunin var lögð fyrir í apríl og Vísar ehf sáu um fyrirlögninga.

Í þessum kafla eru kynntar niðurstöður foreldrakönnunar sem veitir mikilvægar upplýsingar um viðhorf foreldra til líðanar barna sinna, náms og kennslu, samskipta við skólann og stjórnunar skólans. Niðurstöðurnar gefa innsýn í hvernig foreldrar upplifa þjónustu skólans og samstarf heimilis og skóla og eru nýttar til að greina styrkleika og tækifæri til áframhaldandi umbóta í skólastarfinu.



Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður foreldrakönnunar benda til þess að foreldrar upplifi almennt að börnum þeirra líði vel og séu örugg í skólanum. Foreldrar telja að börn þeirra fái góðan stuðning frá kennurum og öðru starfsfólki og að lögð sé áhersla á að efla sjálfstraust þeirra og velferð. Jafnframt bera niðurstöður með sér að foreldrar hafi traust til stjórnunar skólans, telji stjórnendur sýnilega í daglegu starfi og séu almennt ánægðir með skólann. Einnig virðist samstarf heimilis og skóla vera traustur grunnur í skólastarfinu og margir foreldrar myndu mæla með skólanum við aðra.


Tækifæri til umbóta

Niðurstöðurnar gefa jafnframt tilefni til að halda áfram að efla samstarf heimilis og skóla. Sérstaklega má skoða leiðir til að auka þátttöku foreldra í markmiðasetningu og námsframvindu barna sinna og styrkja upplýsingagjöf um námsmarkmið, framfarir og skólastarfið almennt. Þá geta skapast frekari tækifæri til að leita markvissar eftir hugmyndum og ábendingum foreldra og efla þannig samráð og þátttöku þeirra í þróun skólastarfsins. Með því má styrkja enn frekar traust, gagnkvæm samskipti og sameiginlega ábyrgð heimilis og skóla á námi og velferð nemenda.


Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Þættir sem voru metnir

Mat á innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkur
Á skólaárinu var framkvæmd sjálfsmatskönnun á innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur þar sem metið var hvernig skólastarfið styður við grunnþætti stefnunnar: sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Markmið matsins var að greina styrkleika í starfinu, meta stöðu einstakra þátta og finna tækifæri til áframhaldandi þróunar og umbóta. Niðurstöðurnar gefa góða mynd af því hvernig skólinn vinnur að markmiðum stefnunnar í daglegu starfi og veita mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi skólaþróun.



Nemendakönnun Víkurskóla
Hér eru einnig kynntar niðurstöður úr nemendakönnun sem lögð var fyrir á skólaárinu. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um líðan, félagslega stöðu, námsupplifun og viðhorf nemenda til skólastarfsins. Niðurstöðurnar eru nýttar til að meta styrkleika í skólaumhverfinu og greina tækifæri til umbóta með það að markmiði að efla vellíðan, þátttöku og námsárangur allra nemenda.



Niðurstöður

Styrkleikar

Menntastefna Reykjavíkur
Mat á innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur sýnir að skólinn vinnur markvisst að því að efla félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði nemenda. Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þátttöku í námi og skólastarfi, áhersla er lögð á jákvæð samskipti, samvinnu og lýðræðislega þátttöku og skýr merki eru um að unnið sé með leiðsagnarmat, fjölbreytt námsumhverfi og fjölbreytta kennsluhætti. Einnig kemur fram að starfsfólk leggur ríka áherslu á velferð nemenda, stuðning við ólíkar þarfir og að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi.
Nemendakönnun Víkurskóla

Niðurstöður nemendakönnunar sýna að nemendum líður almennt vel í skólanum og að flestir eiga vin í skólanum. Jafnframt kemur fram að fleiri nemendur hafa eignast nýja félaga á skólaárinu og að traust til starfsfólks hefur aukist, þar sem fleiri nemendur telja sig geta leitað til fullorðinna í skólanum ef þeir lenda í vanda. Einnig hefur orðið jákvæð þróun í líðan nemenda í frímínútum og hádegi, auk þess sem fleiri nemendur telja sér ganga vel í náminu. Niðurstöðurnar benda til þess að skólinn sé að skapa öruggt og styðjandi umhverfi þar sem félagsleg tengsl og vellíðan eru í fyrirrúmi.

Tækifæri til umbóta

Menntastefna Reykjavíkur
Helstu tækifæri til umbóta felast í að styrkja enn frekar ákveðna þætti sem komu fram í athugasemdum starfsfólks. Þar má nefna að þróa læsisáætlanir betur fyrir unglingastig, efla aðgengi nemenda að nýjum tæknilausnum og gervigreind, styrkja heimamenningu og menningarlæsi, auka útikennslu og nýtingu nærumhverfis og menningarstofnana í námi. Þá eru tækifæri til að bæta upplýsingaflæði milli heimila og skóla, efla jákvæða leiðtogahæfni meðal nemenda og skoða leiðir til að bæta hljóðvist í ákveðnum rýmum skólans. Einnig má auka sýnileika forvarna og heilsueflingar í skólaumhverfinu.
Nemendakönnun Víkurskóla
Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður eru nokkur tækifæri til umbóta. Viðhorf nemenda til skólamáltíða hefur lækkað frá fyrri mælingu og ástæða er til að skoða hvort hægt sé að auka ánægju með matinn. Einnig hefur dregið úr því hversu margir nemendur segjast fylgja reglum um símanotkun, sem bendir til þess að þörf sé á áframhaldandi umræðu og samræmdri eftirfylgni. Niðurstöður sýna jafnframt lítilsháttar lækkun á upplifun nemenda af vinnufriði í kennslustundum og líðan í kennslu, sem gefur tilefni til að halda áfram að vinna markvisst að jákvæðum skólabrag, góðum vinnufriði og námsumhverfi sem styður við einbeitingu og virkni allra nemenda.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Hér kemur síðan skjámynd að umbótaáætlun þegar hún er tilbúin

Umbótaáætlun

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Inntak og námskrár (2.1) **Deild** Allur skólinn **Ábyrgð** ÞÓ	13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.	Hér þarf að skilgreina aðgerðir	15/08/2025	30/05/2026		Ekki byrjað		
	10. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.		15/08/2025	30/05/2026		Ekki byrjað		
	11. Námshópar funda reglulega undir stjórn kennara með skipulögðum og vel undirbúnum hætti		15/08/2025	30/05/2026		Ekki byrjað		
	Í námsvísum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.	Ekki búið að festa sig í sessi en á góðri leið hjá fáum og mætti breiðast meira út. Höfum verið að bíða eftir nýrri námskrá með nýrri lykilhæfni. Stefnt að því að lykilhæfni sé mæld í öllum árgöngum 2026	30/06/2024	29/06/2026	Vala Nönn Gautsdóttir	Í vinnslu	Stefnt að því að lykilhæfni sé mæld í öllum árgöngum 2026	Að lykilhæfni sé sýnileg í kennsluáætlunum/skólanámskra í lok skólaársins 2025-2026
	Í skólanámskrá er lögð áhersla á stefnu stjórnvalda, þ.m.t. menntastefnu til 2030 með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.	Við höfum lagt megináherslu á menntastefnu borgarinnar og aðalnámskrá en minni áhersla hefur verið á að fylgja menntastefnu ríkisstjórnarinnar. Nýtum okkur menntastefnu ríkisstjórnarinnar til við gerð starfsáætlunar og kynnum hana á fundi.	30/06/2024	29/06/2026	Vala Nönn Gautsdóttir	Lokið	Tryggja að menntastefna ríkisstjórnarinnar komi fram í starfsáætlun og fastsetja kennarafund með kynningu á henni.	Að kennarar þekki meginatriði menntastefnunnar

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skipulag náms (2.4) **Deild** Allur skólinn **Ábyrgð** ÞÓ	Að efla samstarf við nýstofnað foreldrafélag Víkurskóla.	Fundir með skólastjórnendum og stjórn foreldrafélags tvisvar til þrisvar á vetri, þar sem m.a. er farið yfir hlutverk foreldrafélagsins og samvinnuverkefna hverju sinni.	01/07/2024	29/06/2026		Í vinnslu	Haldnar eru fundargerðir og starfsáætlun foreldrafélags gerð árlega.	Öflugt samstarf milli heimila og skóla
	Auka við atvinnutengt nám	Efla, í samvinnu við foreldrafélag, aðgengi nemenda að atvinnutengdu námi.	01/07/2024	29/06/2026	Bravo Kerfisstjóri	Í vinnslu	Haldið utan um skráningu á fjölda fyrirtækja sem taka nemendur í atvinnutengt nám.	Fá að minnsta kosti fimm fyrirtæki til að taka þátt í verkefninu.
	Efla samstarf við Borgarholtsskóla.	Halda áfram að fara með námshópa í heimsókn í Borgarholtsskóla og fá kynningu frá þeim inn í skólann.	01/07/2024	29/06/2026	Bravo Kerfisstjóri	Lokið	Heimsóknir í Borgarholtsskóla festar inn í skóladagatal.	Borgarholtsskóli kynnir starfsemi sína fyrir öllum tíunda bekk og þeir sem kjósa að kynna sér skólann stendur það til boða.
	Fá foreldra til að kynna störf sín í skólanum.	Foreldrar koma með skipulegum hætti með starfskynningar inn í skólann í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa.	01/07/2024	29/06/2026	Bravo Kerfisstjóri	Í vinnslu	Skráð þátttaka foreldra í starfskynningum.	Annað hvert ár eru haldnar starfskynningar þar sem 12 - 16 störf eru kynnt.
	Virkja íbúa hverfisins til þátttöku á góðgerðardeginum	Auglýsa góðgerðardaginn á hverfissíðunni og í aðskólunum.	01/07/2024	29/06/2026	Bravo Kerfisstjóri	Lokið	Árangur metinn með matsfundi stjórnenda að góðgerðadegi loknum.	Sýnileg þátttaka utanaðkomandi aðila á góðgerðardeginum.